

I. Tillögur um breytingar á frumvarpi til laga um bókhald*Alþingi***1. breyting: Við 3. gr.***Erindi nr. Þ 118 / 480*

Við 3. gr. bætist ný mgr. er verði 4. mgr. og orðist þannig:

komudagur 12/12 1994

"Þeir bókhaldsskyldir aðilar sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald skv. þessari grein, skulu færa þær bækur sem greinir í 5. mgr. 10. gr."

2. breyting: Við 7. gr.

a) 3. mgr. 7. gr. orðist þannig:

"Bókhaldið skal þannig skipulagt að auðvelt sé að rekja sig frá frumgögnum til færslna í bókhaldi, svo og frá færslum í bókhaldi til frumgagna, og milli niðurstöðu úr bókhaldi og ársreiknings. Jafnframt skal skipulag og stjórnun bókhaldsins við það miðuð að tryggja vörslu bókhaldsgagna og eðlilegt innra eftirlit. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og haft er að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóti tjón af villum, mistökum eða misnotkun"

b) 4. mgr. 7. gr. falli niður og 5. mgr. verði 4. mgr.

3. breyting: Við 10. gr.

Í stað tilvísunar til "5. mgr." í 2. tölul. 2. mgr. 10. gr. komi: 6. mgr.

2. tölul. 2. mgr. orðast þá þannig:

"2. hreyfmgalista þar sem allar færslur dagbókar hafa verið flokkaðar á viðeigandi bókhaldsreikninga, sbr. þó 6. mgr.:"

4. breyting: Við 14. gr.

Í stað orðanna "færslur í sjóðbók" í 3. másl. 1. mgr. 14. gr. komi: hreyfingar á handbæru fé, og í stað orðanna "útistandandi reikninga og ógreiddra krafna" komi: útistandandi krafna og ógreiddra reikninga.

3. másl. 1. mgr. 14. gr. orðast þá þannig:

"Í lok hvers bókhaldstímabils skal stemma hreyfingar á handbæru fé á tímabilinu af við færslur í sundurliðunarbókina með því að taka tillit til útistandandi krafna og ógreiddra reikninga við upphaf og lok bókhaldstímabilsins."

5. breyting: Við 16. gr.

Á eftir orðinu "fram" í 2. másl. 1. mgr. 16. gr. bætist orðið: heiti,

2. másl. 1. mgr. 16. gr. orðist þá þannig:

"Á vörutalningarlistum eða í vörutalningarbókum skal koma fram heiti, magn, einingarverð og útreiknað verðmæti hvers einstakrar vörutegundar ásamt samtölu."

6. breyting: Við 20. gr.

Í stað orðsins "sjóðvélastrimla" í 2. másl. 1. mgr. 20. gr. komi: innri strimla.

2. másl. 1. mgr. 20. gr. orðast þá þannig:

"Þeim sem nota sjóðvélar til tekjuskráningar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggi fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur."

7. breyting: Við fyrirsögn III. kafla.

Í fyrirsögn fyrir III. kafla falli niður orðin "og skýringar".

Kaflafyrirsögnin verður: **Ársreikningur.**

8. breyting: Við 24. gr.

2. mgr. 24. gr. orðist þannig:

"Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir eða tekur og gjöld innan einstakra liða."

9. breyting: Við 25. gr.

25. gr. orðist þannig:

"Tekjur skulu að jafnaði færðar í rekstrarreikning þess árs þegar til þeirra er unnið og gjöld þegar til þeirra er stofnað"

10. breyting: Við 28. gr.

Við 3. mgr. 28. gr. bætist nýr málsliður er verði 2. málsliður og orðist þannig:

"Kostnaðarverð vörubirgða er heimilt ákvarða sem vegið meðalverð allra birgða af sama tagi, á grundvelli síðasta innkaupsverðs eða með annarri viðurkenndri aðferð."

3. mgr. 28. gr. orðast þá þannig:

"Vörubirgðir má eigi telja til eignar á hærra verði en kostnaðarverði eða dagverði ef það er lægra. Kostnaðarverð vörubirgða er heimilt ákvarða sem vegið meðalverð allra birgða af sama tagi, á grundvelli síðasta innkaupsverðs eða með annarri viðurkenndri aðferð"

11. breyting: Við 32. gr.

Í 3. mgr. 32. gr. falli niður orðið "löggiltan".

3. mgr. 32. gr. orðist þá þannig:

"Ef félag kýs endurskoðanda í stað skoðunarmanns skulu ákvæði laga um löggilta endurskoðendur eiga við um starf hans."

II. Tillögur um breytingar á frumvarpi til laga um ársreikninga.

1. breyting: Við 2. gr.

a) Í stað 1. mgr. 2. gr. komi tvær mgr., og röð annarra mgr. breytist skv. því, sem orðist þannig:

"Lög þessi gilda um sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, ef félagsaðilar þeirra eru eingöngu félög sem talin eru í 1. másl. 1. mgr. 1. gr.

Enn fremur gilda lög þessi um sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög ef félögin fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð:

1. eignir nema samtals a.m.k. 200.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema a.m.k. 400.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári nemur a.m.k. 50."

b) Á eftir orðinu "félag" í 2. mgr. nú 3. mgr. 2. gr. komi tilvísunin: skv. 2. mgr.,

3. mgr. orðast þá þannig:

"Ef félag skv. 2. mgr. sem uppfyllt hefur ofangreind skilyrði, gerir það ekki lengur tvö ár í röð er því ekki skylt að fara að ákvæðum laga þessara."

c) Niður falli í 3. mgr. nú 4. mgr. 2. gr. orðin "og eru að öllu leyti í eigu félaga sem talin eru í 1. gr."